

Alþingi
Erindi nr. P 126/1308
komudagur 2.3.2001



Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Tepmlarasund
150 Reykjavík

Suðurlandsbraut 22

108 Reykjavík

Sími 568 7575

Fax 568 0727

Netfang:

hjukrun@hjukrun.is

1. mars 2001

Efni: Umsógn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir, nr 74/1984, sbr. lög nr. 101/1996.

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga hefur fjallaði um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir, nr 74/1984, sbr. lög nr. 101/1996.

Í frumvarpinu koma fram hertar reglur frá fyrri lögum og er það vel. Stjórnin lýsir sig sammála frumvarpinu í heild og þeim sjónarmiðum sem fram koma í greinargerð með því.

Sérstaklega vill stjórnin lýsa yfir ánægju sinni með að nú þurfi sérstakt leyfi til að selja tóbak í smásölu og greiða fyrir það. Þessu hefur „hjúkrunarfræðingar og ljósmæður gegn tóbaki“ og fagdeild lungnahjúkrunarfræðinga einna mest barist fyrir.

Samkvæmt frumvarpinu er skylt að verja a.m.k. 0,9% af brúttó verði tóbaks til tóbaksvarna. Þarna er um mikilvæga nýjung að ræða. Við viljum benda á mikilvægi þess að hluti þessa fjármagns verði nýtt til niðurgreiðslu á lyfjum gegn reykingum, en hjúkrunarfræðingar hafa bent á mikilvægi þessa í forvörnum.

Í heildina er frumvarp þetta skref í rétta átt í tóbaksvörnum.

Virðingarfyllst,

Herdís Sveinsdóttir, formaður
Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga